

AUGLÝSING um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi Götu, lnr. 166750.

Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir gróðurhús (B-1) stækkar auk þess sem gert er ráð fyrir allt að 3.000 m² viðbyggingu við þær byggingar sem fyrir eru og fer heildarbyggingarmagn þá upp í 6.700 m². Byggingarreitur fyrir starfsmannahús (B-2) fellur út. Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. október 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2015